

Alveg glymjandi þrælahald

[birt í *Nei*. þriðjudaginn 18. nóvember 2008: <http://this.is/nei/?p=689>]

Ólafur Páll Jónsson

Heimspekingur

I

Í dæmigerður þrælahaldi ríkir húsbóndi yfir þræl og getur í krafti máttar síns skikkað þrælinn til að vinna allskyns verk án þess að þrællinn hafi neitt um það að segja. Svona þrælahald hefur ýmislegt til síns ágætis, einkum fyrir húsbóndann. Það getur líka verið gott fyrir efnahaginn. Þetta er að vísu ekki heppilegt fyrirkomulag fyrir þrælinn, en það er önnur saga. Það segir húsbóndinn að minnsta kosti.

Ýmis afbrigði hins hefðbundna þrælahalds hafa notið vinsælda frá því sögur hófust. Þannig var kúgun kvenna á Íslandi afbrigði af þrælahaldi. Karlarnir höfðu almennt yfirhöndina og gátu skikkað konur til að vera heima og sinna börnum, frekar en t.d. að leggja fyrir sig menntun eða þá vinnu sem hugur þierra stóð til. Svona kúgun hafði ýmislegt til síns ágætis, einkum fyrir karlana sem gátu unnið að sínum hugðarefnum í friði. Þetta var að vísu ekki heppilegt fyrir konurnar, en það er önnur saga. Það sögðu karlarnir að minnsta kosti.

Nú eru allir sammála um að þrælahald skuli aflagt. Það á bæði við um hið skipulega þrælahald fyrr á öldum, sem byggðist á frjálsum viðskiptum með blökkumenn frá Afríku, og hina íslensku kvennakúgun. Íslendingar hafa fyrir löngu fest í lög að konur megi ráða sér sjálfar, eins og allir aðrir fullveðja einstaklingar. Íslendingar ætla meira að segja að fara að flytja út jafnrétti (en að vísu að draga úr þróunaraðstoð á mótí).

II

Nú er runninn upp nýr kapítuli í sögu íslenska lýðveldisins. Þetta er hið nýja þrælahald. Að vísu er þetta þrælahald allt með nokkrum ólíkindum, því húsbændurnir ætluðu sér ekki beinlínis að halda þræla, og þrælarnir vissu ekki beinlínis að þeir hefðu verið hneptir í vistina. Þrældómurinn kom þannig til að ríkið var óvart veðsett í útlandinu. Þegar allt lék í lyndi hét þetta útrás og engum datt í hug að í uppsiglingu væri allsherjarþrælahald íslensks almennings. Jæja, kannski er þetta ekki allsherjarþrælahald, því

Íslenskur almenningur verður ekki þrælur nema í hlutastarfi og svo á vísu að gera þetta þrælahald eins mannúðlegt og kostur er. Það segja húsbændurnir.

En er ekki orðum aukið að þetta sé þrælahald því venjuleg skattlagning er ekki þrælahald? Sumir frjálshyggjumenn hafa reyndar sagt að hefðbundin skattlagning sé ekkert annað en dulbúið þrælahald, vegna þess að með skattlagningu sé vinnandi fólk þvingað til að greiða hluta af launum sínum til ríkisvaldsins. Hugmyndin er athyglisverð en stenst þó ekki því það er sitthvað, að njóta hámarks ávinnings af eigin vinnu eða vera beittur þvingun til að vinna verk sem maður kærir sig kannski ekki um. Annar meinbugur á þessari hugmynd er að afrakstur þeirrar vinnu sem maður innir af hendi veltur ekki einungis á manns eigin framlagi, heldur á vinnu margra annarra og því efnahagslega og menningarlega kerfi sem er umgjörð vinnunnar.

Þessi rök vísa reyndar til þeirrar réttlætunar fyrir skattlagningu, að ríkisvaldið sé nauðsynlegt til að tryggja þá efnahagslegu og menningarlegu umgjörð sem er yfirleitt forsenda þess að vinna manns geti skilað arði. Velferðarkerfið snýst ekki bara um aumingjagæsku, eins og stundum er látið í veðri vaka, heldur um að tryggja þá undirstöðu samfélagsins sem gefur borgurunum sanngjörn tækifæri til að gera áform um líf sitt – að gera áætlanir um samspil vinnu og afraksturs til að skapa sér lífsgæði. Þess vegna er réttlætunin fyrir skattlagningu – og raunar réttlætunin fyrir sjálfu ríkisvaldinu – sú að það vinni að almannaheill, ekki með því að vinna að sérhagsmunum fárra eða margra, heldur að tryggja þau gæði sem eru forsenda þess að samfélagið getið yfirleitt verið samvinnu- vettvangur borgaranna í leit að lífsgæðum.

III

Á venjulegri skattlagningu og þeirri nauðungarvísu sem Íslenskur almenningur hefur nú verið hnepptur í er grundvallarmunur. Venjuleg skattlagning er ekki þrælahald vegna þess að hún er ekki til komin vegna sérhagsmuna einstakra borgara heldur vegna sjálfra undirstaðna samfélagsins, það sem gerir það yfirleitt mögulegt að venjulegt fólk – og óvenjulegt líka – geti gert áform um líf sitt og leitað lífshamingjunnar. Sú aukna skattbyrði sem Íslenskur almenningur mun þurfa að bera vegna hruns bankakerfisins miðast ekki við almannaheill. Þessi skattlagning er afleiðing af skammsýni og brudli einstakra manna sem voru uppteknir við sína eigin sérhagsmuni. Það stóð að vísu ekki til að brudlið hefði þessar afleiðingar – það var bara sérlega hressilegt að eyða peningum og dagskipunin hljóðaði einmitt upp á hressileika. Og svo áttu vísu líka einhverjir molar að

hrjóta af borðunum okkur hinum til svölunar. En brudlið og hressileikinn hafði samt þessar afleiðingar.

Það er hlutverk ríkisvaldsins að stuðla að almannahæill – ekki allsherjarþrældómi. Ríkisvaldið hefur augljóslega brugðist þessari skyldu gjörsamlega með þeim afleiðingum að nú verður íslenskur almenningur að vinna þegnskylduvinnu – vinna sem þrælar – drjúga stund næstu ár og áratugi. Það er ekki bara að við njótum ekki hámarks ávinnings af eigin vinnu – sú krafa er óraunhæf – heldur að við þurfum að vinna fyrir skuldum sem aðrir hafa stofnað til sjálfum sér til framdráttar. Svona þrælahald hafði ýmislegt til síns ágætis fyrir húsbændurna – það var víst glymjandi gaman að vera ríkur um stund. Þetta reyndist ekki heppilegt fyrir íslenskan almenning, en það er önnur saga. Það segir ríkisstjórnin að minnsta kosti.

Nú sitjum við uppi með reikninginn og það eina sem ríkisstjórninni dettur í hug að gera er að kynna ráðstafanir svo við – þessi íslenski almenningur – getum staðið við skuldbindingar okkar. Hlutskipti þrælsins er jú að standa við skuldbindingar, ekki síst þær sem aðrir hafa stofnað til.